

## Rýmingaráætlun um björgun úr bruna

Hver starfsmaður kynnir sér reglur um fyrstu viðbrögð við eldsvoða og aflar sér upplýsinga um slökkvibúnað, staðsetningu hans og notkun.

- Deildarstjóri eða staðgengill hans er ábyrgur fyrir því að allir á deildinni komist út.
- I. og IV. vakt sjá um að safna börnunum saman hjá neyðarútgangi eða annars staðar þar sem útgönguleið er greið. Ekki rjúka strax út heldur kanna aðstæður ef engin hættu er á ferð þá er óþarfi að rjúka út. IV. tekur mætingalistann og lykil að hliði þar sem það á við.
- II. og III. vakt loka gluggum og hurðum (mikilvægt að loka þar sem eldur nærast á súrefni) og fara strax út og taka á móti börnunum.
- I. og IV. vakt koma börnunum út um neyðarútganginn til II. og III. vaktar. IV. vakt merkir við í mætingarlistanum þegar börnin eru komin út. Muna að hafa kladda systurdeildar aftast í deildarkladda
- II. vakt tekur á móti börnunum en III. vakt kemur þeim í öruggt skjól. Tröllagil og Álfasteinn fara í skjól við moltutunnurnar í miðgarði og starfsmenn mynda hring um börnin. Birkiból og Klettaborg safnast við fánastöng og starfsfólk myndar hring utan um börnin. Börn sem sofa í vagni eru sótt eftir að búið er að fara með hin að fánastöng.

- Starfsmenn sem eru staddir á kaffistofu fara út um dyr í **fataklefanum á Birkibóli** og fara í stöður II. og III. **og taka á móti börnunum.**
- **Lundur fer að minningarsteini og þaðan svo inn um hlið hjá Klettaborg í Úlfaskóg. Ef kviknar í aðalbyggingu þá eru Lundarbúar kyrrir á sínu svæði.**
- Þeir starfsmenn sem eru í undirbúningi fara út fyrir og á svæði sem tilheyrir þeirra deild

## **Gátlisti vegna rýmingaráætlunar**

**Atriði sem starfsmenn þurfa alltaf að hafa í huga**

- **Starfsmenn haldi ró sinni allan tímann.**
- **Skrá börnin inn og út** á hverjum degi, jafnóðum og þau koma/fara **ALLTAF**
- Mætingarlisti á alltaf að vera **á sínum stað**. Við hlið neyðarútgangs.
- Listi með hlutverki hvers og eins starfsmanns skal vera við hlið neyðarútgangs.
- **Venja börnin af óþarfa flakki um húsið** og að við vitum alltaf hvar þau eru staðsett.

- Neyðarútgangar eru þær hurðar sem eru með grænu ljósi fyrir ofan. Ljósið á alltaf að loga.
- Neyðarútgangur þarf **alltaf að vera aðgengilegur** og ekkert má standa í vegi fyrir honum.
- Lesa yfir allar upplýsingar um brunavarnir og rýmingaráætlun á fyrsta starfsmannafundi að hausti og í janúar. Deildastjórar bera ábyrgð.
- Ef það verður nauðsynlegt að yfirgefa leikskólann á að fara í Engidalsskóla eða í nærliggjandi hús t.d Lund ef kviknar í aðalbyggingu skólanns.
- Ræða við börnin að minnsta kosti tvisvar á ári um hvernig þau eigi að bera sig að þegar **brunaboði** fer í gang. Hvar á að safnast saman og ekki fela sig. Ræða sérstaklega um skápa, gullageymslu, þurrkskápa þar sem þau gleymast auðveldlega. Setja inn í starfsáætlun deilda.
- **Að minnsta kosti tveir starfsmenn á hverri deild** verða að kunna **á kerfið**. Annar starfsmaðurinn verður að vera í 100% stöðugildi.
- **Hliðarlyklar** eiga alltaf að hanga við aðalneyðarútganga.
- **Æfing í fyrstu vikunni október ár hvert.**

## Almennar upplýsingar um slökkvibúnað

Mikilvægt er að starfsfólk kynni sér staðsetningu og notkun eldvarnarbúnaðar í húsinu. Leikskólastjóri og deildarstjórar eru ábyrgir fyrir því að kynna búnaðinn fyrir nýju starfsfólki.

- Eldvarnarbúnaður:** Eldvarnarteppi, kolsýrutæki, brunaslanga, léttvatn og viðvörunarbúnaður.
- 1) Eldvarnarteppi:** Eingöngu notað í eldhúsi ef eldur brýst út í pottum.
- 2) Kolsýrutæki:** má nota við stærri eld, t.d. gegn vökva og rafmagnstækjum.
- 3) Léttvatn:** Notist á minni, opinn eld. Má nota á rafmagnstæki upp að 1000 voltum.
- 4) Brunaslanga:** Notist við stóran eld, t.d. í gardinum og húsgögnum.
- 5) Viðvörunar-  
búnaður:** Starfsmaður skal kynna sér og þekkja inn á viðvörunarbúnaðinn í húsinu.

# Hver sá sem verður var við eld skal láta vita strax!

## Fyrstu viðbrögð við eldsvoða

Ef eldvarnarkerfið fer í gang eða reykskynjarar gefa frá sér hljóð:

1. Deildarstjóri eða staðgengill hans stjórnar verkskiptingu.
2. Leikskólastjóri eða staðgengill hans kannar hvaðan boð komu.
3. Kalla fram á gang hver staðan er á viðkomandi svæði en muna jafnframt að fara strax í viðbragðsstöðu þegar reykskynjari eða brunaboði fer af stað.
4. Athuga aðstæður:
  - a) ef minni háttar eldur= Hvar er eldur?  
Hvoru megin í húsinu?  
Kippa rafmagnstækum úr sambandi. Reyna björgun>Koma börnum út samkvæmt plani hverrar deildar.

b) ef meiri háttar eldur, mikill reykur eða hurð

heit=

**Ekki opna.**

**Láta slökkvilið um**

**björgun. Engann**

**hetjuskap.**

4. Loka öllum hurðum (til að hefta útbreiðslu eldsins) og gefa slökkviliði lýsingu á stöðunni, í síma.
5. Rýma leikskólann. Sá sem er síðastur út, leikskólastjóri eða deildarstjórar og staðgenglar, skal vera búinn að ganga úr skugga um að allir séu komnir út áður en hann yfirgefur leikskólann. Hver deild velur hættuminnstu útgönguleiðina. Starfsfólk eldhúss fer út um sína hurð, starfsfólk í kaffistofu fer út um hurð í fataklefa Birkibóls. Þeir sem eru í Kastala fara út um garðhurð og þeir sem eru í Seli, Viðtalsherbergi, Einbúa og Ráðagerði fara út um hurð í fataklefa Tröllagils/Álfasteins. Leikskólastjóri ber ábyrgð á austur álmu og aðstoðarleikskólastjóri á vestur álmu.
6. Taka á móti slökkviliði, láta vita hvar eldsupptök eru og stöðuna í leikskólanum. (Eru allir komnir út? Fara í gegnum mætingalista). Ef eldur kemur upp á að yfirgefa leikskólann strax.

## Brunavarnir

- Starfsmaður kynnir sér reglur um fyrstu viðbrögð við eldsvoða og aflar sér upplýsinga um slökkvibúnað, staðsetningu og notkun.
- Það er á ábyrgð hvers starfsmanns að standa skil á kunnáttu sinni.
- Komi upp eldur á alltaf að rýma húsið, kanna aðstæður, hvaðan berst boðið, loka hurðum og taka við símtali frá Securitas.
- Við reynum ekki að slökkva eld, heldur komum öllum út úr húsi og látum slökkviliðið um að slökkva eldinn.
- Sé hurð lokuð þar sem grunur er um eld, skal þreifa á hurð áður en hún er opnuð.
- **Það á aldrei að opna hurð sem er heit.**
- Sé hurð ekki heit er óhætt að opna, en ef svartur reykur er inni á að loka strax.
- **Það á aldrei að fara inn í herbergi fullt af reyk.**

## Minnispunktar fyrir leikskólastjóra á hverju hausti:

- minna deildarstjóra á að nú verði þeir að fara yfir ákveðna þætti varðandi rýmingu, t.d. hvar þau eiga að safnast saman, hvar þau eiga að fara út , ekki hlaupa frá hópnum, minna á að það sé mikill hávaði þegar brunaboðinn fer af stað, ekki fela sig
- tveim vikum seinna verður brunaæfing
- hringja í Securitas og láta vita að kl. x verði æfing og kerfið því sett af stað
- ath. lykil að vesturhliðinu hangi á snaga við neyðarútgöngudyr á Klettaborg
- ath. lykil að austurhliðinu hangi á snaga við neyðarútgöngudyr á Tröllagili
- ath. lykil að austurhliðinu hangi á snaga við neyðarútgöngudyr í fataklefa eldri deilda
- ath. lykil að hliði við Klettaborg hangi á snaga við útidyr í fataklefa Lundar
- ath. að Lundur fer inn um hlið hjá Klettaborg